



**Ársskýrsla**  
**VM 2024**

---

## Efnisyfirlit

Pistill formanns .....	4
Rekstur VM .....	6
Starfsfólk .....	8
Félagsgjöld.....	9
Fjöldi félagsmanna og skipting.....	10
Skipting félagsmanna eftir störfum.....	11
Skipting félagsmanna eftir svæðum .....	12
Kannanir .....	13
Orlofssjóður VM.....	16
Stjórn og varastjórn.....	17
Viðburðadagatal .....	18
Orlofsnefnd VM .....	20
Trúnaðarmenn félagsins .....	20
Félagslíf .....	20
Vinnustaðaeftirlit Fagfélaganna .....	22
Málþing um vinnumansal .....	23
1. maí.....	24

Starf VM innan beinnar aðildar að ASÍ.....	25
Sjómanna dagurinn 2024 - viðurkenningar .....	25
Undirbjuggu keppni í vélvirkjun á Íslandi .....	27
Undanþágu- og mönnundarnefndir skipa .....	28
Úrskurðarnefnd um fiskverð .....	28
Lífeyrissjóðir félagsmanna VM .....	29
Erlent samstarf .....	30
Fræðslu- og menntamál VM .....	31
Starfsgreinaráð í málmækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreinum.....	31
Skólamál.....	32
Sjóðir VM .....	36
Styrtkar- og sjúkrasjóður VM.....	36
Akkur .....	38
Námskeið fyrir trúnaðarmenn.....	38
Kjarasvið Fagfélaganna .....	40
Virk – Starfsendurhæfingarsjóður.....	42
Lykiltölur úr rekstri VM .....	44

## Pistill formanns: **Annasamt ár að baki**

Óhætt er að segja að árið 2024 hafi verið viðburðarríkt. Kjarasamningar voru fyrirferðarmiklir, eins og stundum áður. Tónninn var settur með undirritun nýs kjarasamnings við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, 22. febrúar 2024. Öðrum lykiláfanga var náð þegar Fagfélögin undirrituðu samning við Samtök atvinnulífsins 9. mars. Á eftir fylgdu samningar við aðra hópa fram eftir árinu en þeirri vinnu er ekki lokið. Þegar þetta er skrifað á enn eftir að semja við nokkra litla hópa en sú vinna er í fullum gangi.

Kjarasamningarnir sem undirritaðir voru síðastliðið vor voru gerðir til höfuðs vöxtum og verðbólgu. Verðbólgan fór að gefa eftir á haustmánuðum en það olli satt að segja vonbrigðum hve hægt gekk að lækka stýrivexti. Rúmu ári eftir undirritun samninganna við SA höfðu stýrivextir lækkað úr 9,25% í 7,75% og verðbólga lækkað úr 6,8% í 4,2%. Við bindum vonir við að vextir verði lækkaðir hratt á þessu ári.

Utan frá virðist manni stundum sem ákvarðanir Seðlabankans séu fremur teknar með hagsmuni fjármagnseigenda í huga en almennings. Háir vextir og síhækkandi verðlag hefur gengið nærri heimilum landsins og spár ýmissa aðila um hraða lækkun vaxta hafa hingað til ekki orðið að veruleika. Það eru mikil vonbrigði, eins og áður segir.

### Stjórn málin

Ólgan í stjórn máluðum, bæði innanlands og utan, hefur ekki verið til þess fallin að skapa nauðsynlega ró á mörkuðum. Alþingiskosningarnar í desember voru sögulegar þegar horft er til þess að þar fékk Sjálfstæðisflokkurinn sína verstu útreið. Öllum fráfarandi ríkisstjórnarflokkum var refsað og VG úthýst. Ákallið um breytingar var hávært. Ný ríkisstjórn hefur boðað ýmsar breytingar sem hreyfa við stórum hópum í samfélaginu – svo sem sjávarútvegsfyrirtækjum. Umfram allt er mikilvægt að ríkisstjórnin leggi enn meiri áherslu á að vinna í þágu launafólks í landinu.

Óvissan sem varð í stjórn máluðum innanlands á síðasta ári er smámál í samanburði við þá ólgu sem skapast hefur í heimsmáluðum, vegna framgöngu Rússa og ekki síður nýs Bandaríkjaforseta. Enginn getur spáð fyrir um með vissu hverjar afleiðingarnar verða á efnahagslífi og friði í heiminum, hvað þá hvernig Ísland kemur út úr því brölti öllu. Það verður tíminn að leiða í ljós, eins og gildir um flest annað.

### Kjarasamningar

Á síðustu sjö árum höfum við gert mjög marga kjarasamninga. Gerðir voru kjarasamningar á almennum markaði 2019, 2022 og 2024 auk þess sem þeim mikilvæga áfanga var náð að ná kjarasamningi við sjómenn, sem höfðu verið samningslausir árum saman.

Samningurinn við SFS var á margan hátt sögulegur. Þeim áfanga var loksins náð að menn hættu að taka kostnaðarhlutdeild fram hjá skiptum. Nú er skipt út frá hundraði og skiptaprósentsunni var breytt. Við fengum samhliða inn mikilvægar breytingar á lífeyrissjóðum, sem höfðu verið mikið baráttumál. Sjómenn njóta nú sambærilegra lífeyrisréttinda við aðrar vinnandi stéttir í landinu þrátt fyrir að þeir hafi þurft að greiða hluta af þeirri breytingu sjálfir í formi breytinga á skiptaprósentu. Launafólk hefur í sögulegu samhengi alltaf þurft að taka þátt í kostnaði þegar átt hefur verið breytingar á lífeyrissjóðum.

### Samstarfið

Ýmsar breytingar hafa orðið á starfsemi VM í minni tíð. Við fluttum í nýtt húsnæði og tókum upp samvinnu við önnur iðnaðarmannafélög undir nafni Fagfélaganna. Það gengur satt að segja

Samningurinn við SFS var á margan hátt sögulegur. Þeim áfanga var loksins náð að menn hættu að taka kostnaðarhlutdeild fram hjá skiptum. Nú er skipt út frá hundraði og skiptaprósentsunni var breytt.

hægar en maður vonaðist til að fá alla iðnaðarmenn til að vinna saman að sameiginlegum hagsmunum. Þannig sagði Byggiðn upp samstarfssamningi við Fagfélögin á nýju ári, svo þrjú félög standa eftir; RSÍ, MATVÍS og VM. Þau hafa átt í afar góðu samstarfi. Samtalið við hin félögin um aukna samvinnu lifir áfram.

Tveir af ljósu punktunum í samvinnu fagfélaganna er annars vegar sá aukni slagkraftur sem náðst hefur fram við gerð kjarasamninga og hins vegar hversu öflugu vinnustaðaeftirliti er haldið úti af þessum félögum – í samstarfi við Eflingu. Þar liggja hagsmunir allra launamanna saman.

Það að iðnaðarmannafélögin séu flest undir sama þaki – og sum hver vinni náði saman – hefur gert okkur kleift að efla starfsemina á ýmsa vegu. Aðstaðan í húsinu er til mikillar fyrirmyndar. Fundarsalirnir eru vel nýttir og hér er staðið fyrir ýmsum viðburðum. Við höldum trúnaðarmannanámskeið, námskeið um lífeyrismál og reglubundin kaffiboð eldri félaga, svo eitthvað sé nefnt. Kokkalandslíðið hefur aðsetur í okkar góða eldhúsi auk þess sem ýmsir aðilar leigja af okkur salina undir námskeið, fundi og aðrar samkomur. Þeirra á meðal eru ASÍ og lífeyrissjóðir. Við getum verið stolt af þeirri aðstöðu sem við höfum komið okkur upp.

Þrátt fyrir að hlutirnir gerist stundum hægt sé ég, þegar ég horfi yfir farinn veg, að mikið hefur gerst. Ég tel að samstarf Fagfélaganna sé upphafið að breytingum sem eiga eftir að verða iðnaðarmönnum til góðs til frambúðar.

## ASÍ

Ekki síður tel ég mikilvægt að halda áfram að vinna saman á vettvangi ASÍ. Á Íslandi eru lífsgæði eins og þau gerast best, í alþjóðlegum samanburði. Þau lífsgæði hvíla á hugrekki, þori og ekki síst samstöðu kynslóðanna sem á undan okkur komu; fólks úr röðum vinnandi stétta. Okkur sem njótum góðs af þessum sigrum þætti sennilega óhugsandi að sjá fyrir okkur lífið án sumra þeirra réttinda sem við höfum náð fram fyrir tilstilli samvinnunnar innan Alþýðusambands Íslands. Við getum nefnt Vökulögin, almannatryggingar, orlofsrétt, jöfn laun fyrir sömu vinnu, lífeyrissjóði, sjúkrasjóði og þjóðarsáttina. Það má líka nefna fæðingarorlof feðra, stofnun Bjargs - íbúðafélags og lífskjarasamningana. Hér mætti lengi telja.

Þau félög sem hafa staðið utan ASÍ hafa, vegna styrks sambandsins í árunna rás, notið góðs af vinnunni. Ég hef sjálfur, frá fyrri tíð, reynslu af því að tilheyra litlu félagi sem þurfti að berjast fyrir áheyrn stjórnvalda. Að mínu viti er farsælast að eiga sæti við borðið þar sem ákvarðanirnar eru teknar. Það er einlæg trú mín að samstaða sé sú uppskrift sem við þurfum að halda áfram að nota á komandi árum.

## Framtíðin

Aðalfundurinn 2025 markar þau tímamót fyrir mig að nú er runnið upp mitt síðasta ár í sæti formanns VM. Ég hef tekið ákvörðun um að bjóða mig ekki fram til stjórnar að ári. Ég hef setið í stjórn VM frá stofnun félagsins, þar af sem formaður sl. sjö ár. Áður starfaði ég í 14 ár í stjórn Vélstjórafélags Íslands.

Það að gegna formennsku í félagi eins og VM er ærið verkefni. Vinnudagarnir eru langir og tarnirnar stundum þungar. Þetta starf hentar kraftmiklum einstaklingi á góðum aldri; einstaklingi sem er fullur baráttuþreks og eldmóðs. Innan okkar raða eru margir slíkir félagsmenn. Ég beini því til ykkar sem hafið áhuga, að huga að formannskjörinu sem fram mun fara að ári liðnu.

Ég vil nota tækifærið og þakka stjórn félagsins, samninganefndum og félagsfólki fyrir samvinnuna undanfarið ár. Síðast en ekki síst vil ég færa okkar frábæra starfsfólki þakkir fyrir góð störf við krefjandi aðstæður.



**Guðmundur Helgi Þórarinnsson**  
formaður VM

## Rekstur VM

Efni skýrslunnar er flokkað eftir helstu málefnum og stiklað á stóru í máli og myndum frá síðasta aðalfundi sem haldinn var á Stórhöfða 29, 31. mars 2023 fram að aðalfundi 11. apríl 2024. Tölulegar upplýsingar eru miðaðar við starfsárið 2023 en efnisatriði eru miðuð við tímann milli aðalfunda, þ.e. mars 2023 til apríl 2024.



Skuldir félagsins í árslok nema 161 millj. kr. og eigið fé félagsins er 2.691 millj. kr. þann 31. desember 2024 samanborið við 2.634 millj. kr. í árslok 2023.

Félagsgjöld og iðgjöld hækkuðu um 2,8% frá árinu 2023 en höfðu hækkað um 9,5% milli árana 2023 og 2022. Rekstrartekjur hækka um 3,6% milli ára. Greiddar bætur og styrkir hækka um 8,4% milli ára, eða um 26,8 millj. kr. Hlutfall launakostnaðar af tekjum án söluhagnaðar nemur 19,3% en var 17,7% árið áður. Hlutfall almenns rekstrarkostnaðar af tekjum er 16% samanborið við 19,5% árið 2023. Rekstrargjöld orlofshúsa hækka um 14,8% milli ára, en leigutekjur orlofshúsa lækka um 1,2% á milli ára. Á árinu var rekstrartap fyrir fjármagnsliði 21,1 millj. kr. samanborið við 10,6 millj. kr. rekstrartap á árinu 2023.

Samkvæmt reglugerð Vinnudeilusjóðs

skal höfuðstóll sjóðsins ekki fara undir 300 millj. kr. að raunvirði m.v. launavísitölu í apríl 2017. Það samsvarar 531,1 millj. kr. á verðlagi í árslok 2024.

Jákvæð raunávöxtun ársins á fjármunum félagsins var í takt við almenna ávöxtun á markaði á sambærilegum verðbréfum eða 2-4%. Bókfærður hagnaður af verðbréfasafni er um 73,6 millj. kr. á árinu 2024 en á árinu 2023 var jákvæð ávöxtun um 33,8 millj. kr.

Heildarafkoma félagsins á árinu 2024 var jákvæð um 41,66 millj. kr. samanborið við 19,58 millj. kr. afkomu á árinu 2023. Rekstrarhagnaður varð á rekstri Félagssjóðs, Styrktar- og sjúkrasjóðs og Vinnudeilu og verkbanssjóðs, en rekstrartap var á rekstri Orlofssjóðs og Fræðslusjóðs. Heildareignir félagsins nema 2.852 millj. kr. og hækka um 60,3 millj. kr. milli ára. Félagið er með stóran hluta eigna sinni í fjárvörslu og eignastýringu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum eða alls um 1.210 millj. kr. Skuldir félagsins í árslok nema 161 millj. kr. og eigið fé félagsins er 2.691 millj. kr. þann 31. desember 2024 samanborið við 2.634 millj. kr. í árslok 2023.

Fasteignir félagsins eru að Stórhöfða 29 í Reykjavík, þar sem félagið er með aðalstarfsstöð sína, og eignarhlutur í Skipagötu 14 á Akureyri ásamt öðrum stéttarfélögum en þar getur félagsfólk leigt og greitt fyrir orlofshús og íbúðir og skilað inn umsóknum í sjóði félagsins.

Að auki á félagið geymsluaðstöðu í Akralind 1, Kópavogi ásamt öðrum stéttarfélögum en sú geymsluaðstaða er nú í útleigu.

Félagið á 5 íbúðir í Reykjavík og 4 á Akureyri. Af þessum 9 íbúðum eru 2 sjúkraíbúðir, ein í Reykjavík og ein á Akureyri og eru þær ekki í hefðbundinni leigu. Félagið á líka og rekur 29 orlofshús, þrjú af þeim í endurbyggingu og glæsilegt tjaldsvæði á Laugarvatni með 60 stæðum.

Reikningar VM eru endurskoðaðir af Ernst & Young og verða lagðir fram á aðalfundinum 11. apríl 2024.

# 360

Árið 2024 fengu voru greiddir 360 styrki úr fræðslusjóði félagsins.

# 920

Fjöldi launagreiðenda sem skiluðu iðgjöldum til félagsins árið 2024 voru 920 og er það aukning um 21 frá árinu 2023.

# 310.000.000

Félagsgjöldin voru 310 milljónir árið 2024.

# 2.371

Á árinu 2024 hófu 2.371 einstaklingar starfsendurhæfingu á vegum VIRK, 68 fleiri en árið áður.

# 12

Tólf skólar á landinu bjóða nám í vélstjórn, málmíðnum og veiðarfærataekni.

# 32

Atvinnulaust félagsfólk var 32 í desember 2024 og er það fækkun um 19 frá árinu 2023.

# 2,8%

Félagsgjöld og iðgjöld hækkuðu um 2,8% frá árinu 2023

# 73,6

Bókfærður hagnaður af verðbréfasafni er um 73,6 milljónir á árinu

## Starfsfólk VM

Guðmundur Helgi Þórarinnsson	Formaður
Halldór Arnar Guðmundsson	Kjara- og menntasvið
Áslaug R. Stefánsdóttir	Skrifstofustjóri og fulltrúi fræðslusjóðs
Elín Sigurðardóttir	Bókhald og fulltrúi sjúkrasjóðs
Helgi S. Jóhannsson	Móttaka og símsvörun á Akureyri

## Lögmenn Jónas Þór slf.

Jónas Þór Jónasson	Hæstaréttarlögmaður
Sigrún Ísleifsdóttir	Héraðsdómslögmaður

## Starfsfólk 2F

### Kjarasvið

Benóný Harðarson	Forstöðumaður kjarasviðs
Vilhjálmur Sveinsson	Sérfræðingur á kjarasviði
Ari Thorlacius	Í fæðingarorlofi /Sérfræðingur á kjarasviði
Mirabela Blaga	Fulltrúi vinnustaðaeftirlits
Adam Kári Helgason	Fulltrúi vinnustaðaeftirlits
Ágúst Arnórsson	Hagfræðingur á kjarasviði

### Rekstarsvið

Pálmi Finnbogason	Forstöðumaður rekstarsviðs
Erla Sigríður Erlingsdóttir	Umsjón með sjúkrasjóðum
Lilja Sæmundsdóttir	Umsjón með sjúkrasjóðum
Hlín Guðjónsdóttir	Fulltrúi VIRK
Guðrún Elínborg Guðmundsdóttir	Fulltrúi VIRK
Hildur Petra Friðriksdóttir	Fulltrúi VIRK
Unnur B. Árnadóttir	Fulltrúi VIRK
Helga Björg Steingrímsdóttir	Verkefnastjóri móttöku
Agnes Olejarz	Móttaka
Sigríður Karítas Kristjónudóttir	Móttaka
Þorsteinn Hilmarsson	Bókhald
Álfhildur Guðmundsdóttir	Bókhald
Guðni Gunnarsson	Umsjónamaður fasteigna, tækni- og öfl.
Guðjón Heiðar Sigurðsson	Umsjónarmaður orlofshúsa
Marta Kristjánsson	Matráður
Hrönn Magnúsdóttir	Hönnuður
Elsa María Rögnvaldsdóttir	Lögrfræðingur
Bjartmar Pálmason	Matreiðslumaður




## Félagsgjöld

Félagsgjöld eru 0,8% af heildartekjum félagsfólks.  
Félagsgjöldin fóru úr tæplega 300 milljónum 2023  
í 310 milljónir árið 2024.

Fjöldi launagreiðenda sem skiluðu  
iðgjöldum til félagsins árið 2024 voru 920  
og er það aukning um 21 frá árinu 2023.

## Fjöldi félagsmanna og skipting





Árið 2024 greiddu alls 3.267 einstaklingar félagsgjöld til VM sem er aukning um 7 frá árinu 2023. Skipting milli kynja er 3.213 karlar og 54 konur.

Skráð félagsfólk, sem hætt er störfum vegna aldurs eða örorku, eru 814

Atvinnulaust félagsfólk var 32 í desember 2024 og er það fækkun um 19 frá árinu 2023.


## Skipting félagsmanna eftir störfum og svæðum árið 2022 og 2023


■ Landmenn ■ Fiskiskip ■ Önnur skip ■ Orkugeirinn



Á þessari mynd má sjá hvernig félagsfólk okkar skiptist í störf á landi og á sjó.


Í landi starfa 84,31% en 15,69% eru á sjó.





## Skipting félagsmanna eftir svæðum

Á meðfylgjandi mynd má sjá dreifingu félagsfólks VM yfir landið árið 2024. Rúmlega 59% félagsfólks okkar býr á höfuðborgarsvæðinu.



■ Austurland ■ Norðurland ■ Vesturland og Vestfirðir  
■ Höfuðborgarsvæðið ■ Suðurland og Reykjanes



## Kannanir

Kjarakönnun á meðal félagfólks VM sem starfa í landi stóð yfir dagana 7. október til 4. nóvember 2024. Varða, Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, sá um framkvæmd könnunarinnar sem tók til septemberlauna árið 2024. Könnunin var rafræn og hægt var að svara henni á íslensku, ensku og pólsku. Einungis var hægt að svara könnuninni einu sinni á hverri IP-tölu.

Tölvupóstur með hlekk á könnunina ásamt upplýsingum um markmið hennar var sendur á úrtak sem náði til 1821 félaga í VM. Ítrekanir voru svo sendar með SMS. Alls tóku 385 félagar þátt í könnuninni, sem gerir um 21% svarhlutfall.

Kjarakannanir eru mikilvægt verkfæri félagsins til að móta kjarastefnu og einnig mjög mikilvægar upplýsingar fyrir félagfólks við mat á kjörum sínum samanborið við aðra.

Þátttaka í könnuninni hefur farið minnkandi undanfarin ár. Sá háttur að senda tölvu-pósta og sms skilaboð með slóð á könnunina virðist ekki ganga lengur, þar sem allskonar falspóstar með samskonar útfærslu hafa aukist mjög og gert fólk tortryggið gagnvart slíkum póstum. Félagið þarf því að finna aðra aðferð við framkvæmd könnunarinnar.

Meðaltímalaun safnsins mældust kr. 4.901 en mældust kr. 4.469 í síðustu könnun sem þýðir 9,6% hækkun milli ára.

Upplýsingar um heildargreiðslur eru vandmeðfarnar fyrir svo fjölbreyttan hóp sem hér um ræðir. Vinnufyrirkomulag og launakerfi eru mismunandi þar sem um er að ræða bæði dag- og vaktavinnufólk, auk þess sem launin eru ýmist pakkalaun eða samsett.

Undanfarin ár hefur verið spurt um þjónustu VM. Hér eru svör þeirra sem tóku afstöðu birt. Hefur þú nýtt þér einhverja þjónustu félagsins á síðustu 12 mánuðum?

Varða,  
Rannsóknastofnun  
vinnumarkaðarins,  
sá um framkvæmd  
könnunarinnar sem  
tók til septemberlauna  
árið 2023. Alls tóku  
483 þátt í könnuninni  
af 1798, sem gerir um  
27% svarhlutfall.


## KÖNNUN 2024 Á ÁNÆGJU MEÐ ÞJÓNUSTU VM



26% svarenda höfðu ekki nýtt sér þjónustu VM síðustu 12 mánuði  
 Þeir sem höfðu nýtt sér þjónustu VM voru spurðir nánar  
 um hvaða þjónustu um væri að ræða:

Orlofshús, sjúkrasjóð, fræðslusjóð, upplýsingar um réttindi,  
 aðstoð vegna launamála eða aðra þjónustu.

Í töflunni er tegund þjónustu borin saman við ánægju eða óánægju með þjónustu VM



## Orlofssjóður VM

Orlofssjóður VM rekur 34 orlofshús allt árið um kring og 37 yfir sumarið. Fjöldi félagsfólks er rétt tæplega 4.000. Á síðasta ári var sundlaugin og svæðið umhverfis hana á Laugarvatni klárað. Framkvæmdir hófust á tveimur nýjum húsum á Laugarvatni en þau koma í stað tveggja húsa sem voru fjarlægð. Þau hús ættu að verða tilbúin fyrir sumarið 2025.

Húsin í Svignaskarði ganga nú í gegnum endurnýjun lífdaga. Þeim framkvæmdum á jafnframt að vera lokið fyrir sumarið. Raðhúsum á Laugarvatni hefur verið lokað tímabundið vegna viðhalds, ekki er komin dagsetning hvenær þau verða opnuð aftur. Nýtt hús á Einarstöðum var opnað fyrir síðasta sumar og hefur vakið mikla lukku hjá þeim sem það hafa leigt.

Á síðasta ári var sundlaugin og svæðið umhverfis hana á Laugarvatni klárað. Framkvæmdir hófust á tveimur nýjum húsum á Laugarvatni en þau koma í stað tveggja húsa sem voru fjarlægð. Þau hús ættu að verða tilbúin fyrir sumarið 2025.





## Stjórn og varastjórn

### Stjórn VM skipa frá aðalfundi 2024 til aðalfundar 2026:

Guðmundur Helgi Þórarinnsson, *formaður*  
Sigurður Gunnar Benediktsson, *varaformaður*

#### Aðalmenn:

Einar Sveinn Kristjánsson  
Tinna Magnúsdóttir  
Gunnar Sigurðsson  
Pétur Freyr Jónsson  
Kristmundur Skarphéðinsson  
Helgi Már Sigurgeirsson  
Ingi Bogi Hrafnsson

#### Varamenn:

Einar Óskar Friðfinnsson  
Valbjörn Jón Höskuldsson  
Arnar Sigurðsson  
Snævar Örn Jónsson  
Sigurður Jóhann Erlingsson  
Brynjólfur Árnason  
Páll Heiðar Aadnegard  
Hafdís Svanberg Dagnýjardóttir



## Viðburðadagatal

### 2024

- 11. apríl..... Aðalfundur VM
- 24. apríl..... Vélvirkjar fá sveinsbréf
- 1.mái..... Baráttudagur verkalýðsins haldinn hátíðlegur
- 14. maí ..... Bransadagar Iðunnar hefjast
- 2. júní..... Neistinn afhentur Atla Má Gunnarssyni yfirvélstjóra
- 2. júní..... Sjómenn heiðraðir á sjómannadaginn
- 4. júní..... Tímarit VM kemur út - Sjómannadagsblaðið
- 20.-21. ágúst ..... Fundur NMF í Reykjavík
- 27. ágúst ..... Ferð eldri félaga
- 30. ágúst..... Golfmót VM
- 4. september..... Fulltrúi kjaradeildar á Austurlandi
- 11. september..... Námskeið Fagfélaganna um hvernig semja má um hærri laun

- 11. september..... Mótmælafundur ASÍ á Austurvelli
- 11. september..... Fulltrúar VM heimsóttu Worldskills
- 12. september ..... Fyrsta sameiginlega kaffiboð eldri félaga Fagfélaganna
- 24. september..... Fulltrúi kjaradeildar á Vestfjörðum
- 24. september..... Fulltrúaráðsfundur Birtu
- 25. september ..... Fulltrúaráð VM
- 26. september ..... Ráðstefna um vinnumansal
- 3. október ..... Fulltrúi kjaradeildar á Akureyri
- 7. október..... Námskeið um lífeyrismál
- 9. október ..... Annað kaffiboð eldri félaga
- 16.-18. október ..... Þing ASÍ
- 6. nóvember ..... Tilkynnt um að innheimtan færist til Fagfélaganna
- 12. nóvember ..... Fulltrúaráðsfundur Gildis
- 13. nóvember ..... Þriðja kaffiboð eldri félaga
- 19. nóvember ..... Afhending sveinsbréfa Hilton Nordica
- 19. nóvember ..... Fulltrúi kjaradeildar á Austurlandi
- 21.-22. nóvember ..... Ráðstefna trúnaðarmanna Fagfélaganna
- 3. desember ..... Fulltrúi kjaradeildar á Akureyri
- 11. desember..... Fjórdja kaffiboð eldri félaga
- 13. desember ..... Tímarit VM gefið út
- 26-30. desember ..... Félagsfundir formanns með sjómönnum - fjarfundir
- 31. desember..... Nýtt orlofskerfi innleitt um áramót

## 2025

- 2. janúar ..... Félagsfundur á Höfn í Hornafirði
- 11. janúar..... Samninganefndir Fagfélaganna
- 15. febrúar ..... Samninganefndir Fagfélaganna
- 23. febrúar ..... Samninganefndir Fagfélaganna
- 11. apríl..... Aðalfundur VM

Félagslegir trúnaðarmenn, öryggistrúnaðarmenn og tengiliðir VM á vinnustöðum eru um 50 talsins. Trúnaðarmenn gegna mikilvægu hlutverki.

## Orlofsnefnd VM

Ástand flestra orlofshúsa félagsins er komið í ásættanlegt horf og stöðugt er unnið að viðhaldi þeirra.

Áfram er unnið að framtíðaruppbyggingu orlofsmála félagsins í nefndinni og þar er verið að vinna með ýmsar hugmyndir, meðal annars um að kjarni orlofsstarfsemi félagsins verði á Laugarvatni. Verið er að byggja tvö ný hús á Laugarvatni í stað eldra húss þar á svæðinu.

## Trúnaðarmenn félagsins

Félagslegir trúnaðarmenn, öryggistrúnaðarmenn og tengiliðir VM á vinnustöðum eru um 50 talsins. Trúnaðarmenn gegna mikilvægu hlutverki. Þeir eru fulltrúar félagsins á vinnustað og talsmenn starfsmanna. Á vinnustað koma upp miserfið mál sem leysa þarf úr. Þá er mikilvægt að tengslin við félagið og fyrirtækin séu góð. Stöðugt er unnið að uppbyggingu trúnaðarmannakerfis félagsins með það að markmiði að auka tengingu félagsins út á vinnustaði.

## Félagslíf

### KAFFI ELDRI FÉLAGA

Kaffi Fagfélaganna fyrir eldri félagana hefur í vetur verið haldið annan miðvikudag í mánuði frá september til mars. Tekið var upp á þessari nýjung í haust en kaffiboðin hafa heppnast mjög vel og verið mjög vel sótt. Þarna gefst fólki úr ólíkum iðngreinum, fólk sem margt þekkist frá fyrri tíð, tækifæri á að hittast og spjalla.





Að þessu sinni lá leiðin vestur á land. Eftir stutt stopp í Borgarnesi var haldið upp í Borgarfjörð og ekið inn á Borgarfjarðarbraut við Baulu. Ekið var um Hvítársíðu með stoppi á Geitfjársetrinu á Háafelli.

## FERÐ ELÐRI FÉLAGA VM

„Ég veit að þeir sem eru í eldri kantinum geyma þessar ferðir í minningunni,“ segir félagsmaðurinn Vignir Eyþórsson sem var einn þátttakenda í ferð eldri félagsmanna í Borgarfjörð, sem farin var 27. ágúst síðastliðinn, í blíðskaparveðri.

Að þessu sinni lá leiðin vestur á land. Eftir stutt stopp í Borgarnesi var haldið upp í Borgarfjörð og ekið inn á Borgarfjarðarbraut við Baulu. Ekið var um Hvítársíðu með stoppi á Geitfjársetrinu á Háafelli. Þegar þeirri heimsókn var lokið var farið um Hálsasveit, stoppað við Hraunfossa og Barnafoss og þaðan ekið niður í Reykholtssdal. Í Reykholti snæddi hópurinn hádegisverð. Eftir stuttan stans við Deildartunguhver var svo ekið heim á leið um Dragann og Hvalfjörð.

Um 50 manns fóru í ferðina að þessu sinni. Vignir segir þetta alltaf hafa verið vinsælt. „Það var allavega hér áður fyrr venjan að menn voru farnir að velta því fyrir sér á heimleiðinni hvert þeir ættu að fara á næsta ári,“ segir Vignir að lokum. Í Tímariti VM er rætt nánar við Vigni um ferðina og farið í saumana á þessari skemmtilegu hefð.

## Vinnustaðaeftirlit Fagfélaganna

Samtals skráðu eftirlitsfulltrúarnir upplýsingar í skráningarkerfi um tæplega 1.200 manns á þessu fyrsta starfsári. Starfsfólkið starfaði hjá 716 fyrirtækjum.

Fyrsta heila starfsári Vinnustaðaeftirlits Fagfélaganna og Eflingar lauk sl. haust en sameiginlegt eftirlit þessara félaga var sett á laggirnar í september 2023. Hlutverk vinnustaðaeftirlits er að ganga úr skugga um að aðstæður á vinnustöðum séu í samræmi við lög og reglur og koma þannig í veg fyrir brotastarfsemi á félagssvæðum stéttarfélaganna. Þetta er gert með heimsóknum á vinnustaði, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.



Óhætt er að segja að tvíeykið Adam Kári Helgason og Mirabela Blaga, starfsmenn eftirlitsins, hafi tekið til hendinni. Samtals skráðu eftirlitsfulltrúarnir upplýsingar í skráningarkerfi um tæplega 1.200 manns á þessu fyrsta starfsári. Starfsfólkið starfaði hjá 716 fyrirtækjum. Fólkið sem rætt var við á þessu fyrsta starfsári kom úr 32 stéttarfélögum. Þar af voru tæplega 30 félagsmenn í VM.

Afrakstur Vinnustaðaeftirlits Fagfélaganna og Eflingar hefur vakið mikla athygli á árinu sem er að líða. Eftirlitið tók virkan þátt í að varpa ljósi á meint mansal og kerfisbundna misbeitingu í garð starfsfólks á veitingamarkaði.






## Málþing um vinnumansal

Fréttaskýringabátturinn Kveikur fjallaði í haust um sláandi aðbúnað starfsfólks á vegum starfsmannaleigu í byggingariðnaði, þar sem vinnustaðaeftirlit Fagfélaganna og Eflingar var áberandi. Kveikur slóst meðal annars í för með Adam Kára og Mirabelu í eftirlitsheimsókn á byggingarsvæði. Í kjölfar þáttarins sendu ASÍ og SA frá sér sameiginlega yfirlýsingu um baráttuna gegn mansali og stóðu fyrir vel sóttri ráðstefnu um mansal í Hörpu þann 26. september.

Í Kveik sagði þolandi vinnumansals meðal annars: „Í fyrsta skipti á ævi minni var ég meðhöndlaður eins og hundur. Í fyrsta skipti. Ég fæddist í Sovétríkjunum og ég vann í Lettlandi á 10. áratugnum. En í fyrsta skipti leið mér eins og hundi án heimilis.“

Hann vannur að eigin sögn yfirlétt 10 tíma á dag, sjö daga vikunnar. Fram kom í máli hans að hann hefur þurft að fá senda peninga frá heimalandinu til að geta dregið fram lífið á Íslandi, þvert á fyrirætlanir sínar.

Á ráðstefnunni voru Fagfélögin virkir þátttakendur og áttu fulltrúa í lykilhlutverkum. Adam Kári var í pallborði málstofu um eftirlit á vinnumarkaði en Benóný Harðarson, forstöðumaður kjaradeildar Fagfélaganna, stýrði málstofunni. Mirabela stýrði annarri málstofu um rannsókn og saksókn vinnumansalsmál



## ÞÁTTAKA VM Í HÁTÍÐARHÖLDUM 1. MAÍ

Að venju tók VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna þátt í hátíðarhöldunum á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks 1. maí. Formaður félagsins var fánaberi í kröfugöngunni sem fram fór á Akureyri auk þess að flytja ávarp 1.maínefndar stéttarfélagana við Eyjafjörð. Finnbjörn Hermannsson, forseti ASÍ, flutti hátíðarræðuna fyrir norðan.



Í Reykjavík var safnast saman á Skólavörðuholti og þaðan gengið niður Skólavörðustíginn, Bankastræti og Austurstræti að Ingólfstorgi þar sem útifundur hófst kl. 14:00.

Að útifundi loknum bauð VM upp á kaffiveitingar á Stórhöfða 29-31 í húsnæði félagsins og var það vel sótt af félagsfólki.

## Starf VM innan beinnar aðildar og ASÍ

Félög með beina aðild að ASÍ sem eru utan landssambanda eru sex: Flugfreyjufélag Íslands, MATVÍS, Mjólkurfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag leiðsögumanna og VM – Félag vélstjóra og máltæknimanna og Efling.

46. þing Alþýðusambands Íslands var haldið dagana 16.-18. október 2024, á Hótel Reykjavík Nordica. Finnbjörn Hermannsson var endurkjörinn forseti ASÍ en hann var fyrst kjörinn 28. apríl 2023. Almenn ánægja ríkti með vinnubrögð og málefnum á þinginu og voru fjölmargar ályktanir afgreiddar annað hvort að fullu eða til frekari vinnslu í miðstjórn ASÍ.

## Sjómannadagurinn 2024 - viðurkenningar

Sjómannadagsráð heiðraði tíu sjómenn við hátíðlega athöfn í Hörpu á sjómannadaginn, 2. júlí síðastliðinn. Þar af voru tveir félagar VM, þeir Brynjar Viggósson og Magnús Viðar Helgason.

Dagurinn hófst á minningarathöfn við Fossvogskirkju, þar sem sjómanna sem farist hafa við störf á sjó var minnst. Að þeirri athöfn lokinni var haldið í sjómannamessu í Dómkirkjunni. Síðar um daginn voru sjómenn heiðraðir við hátíðlega athöfn í Hörpu.

Vegna eldgosa við Grindavík, bauð Sjómannadagsráð Grindvíkingum að taka þátt í hátíðarhöldunum í Reykjavík og voru því tíu sjómenn heiðraðir við athöfnina í Hörpu:

Að lokum var fráfaramandi forseti Guðni Th. Jóhannesson sæmdur heiðursorðu Sjómannadagsráðs sem þakklætisvottur fyrir sýndan hlýhug og velvild í garð sjómanna á öllu landinu. Einnig var honum færð afsteypa af styttunni Horft til hafs eftir Inga Þ. Gíslason.

Á vef VM má lesa ávörp sem flutt voru um okkar menn, Brynjar og Magnús Viðar.s og verkfallsnefnd þess.

Sjómannadagsráð heiðraði tíu sjómenn við hátíðlega athöfn í Hörpu á sjómannadaginn, 2. júlí síðastliðinn. Þar af voru tveir félagar VM, þeir Brynjar Viggósson og Magnús Viðar Helgason.



## NEISTINN

Tryggingamiðstöðin hf. og VM – félag vélstjóra og málmæknimanna veittu í þrítugasta sinn viðurkenningu fyrir fyrirmyndar yfirvélstjórastörf á sjómannadag. Viðurkenninguna hlaut að þessu sinni Atli Már Gunnarsson yfirvélstjóri á Magnúsi SH 205. Atli er fæddur þann 26. febrúar 1980 í Reykjavík. Foreldrar hans eru þau Gunnar Már Kristófersson og Guðrún Halldóra Cýrusdóttir.

Hann ólst upp á Gufuskálum og Hellissandi og hefur búið í Snæfellsbæ allt sitt líf.

Atli lauk Grunnskóla Hellissands árið 1996 og Grunndeild málmíðna á Akranesi árið 1999. Hann útskrifaðist svo úr 3. stigi vélstjórnarnáms frá Vélskóla Íslands árið 2003.

Atli hóf sína sjómennsku sumarið 1995 á Báru SH 27. Hann starfaði svo með námi í vélsmiðju Árna Jóns í Rífi frá 1998 til 2001. Hann var eina vertíð á Hamri SH sem fyrsti vélstjóri frá 1999 til 2000.

Atli hóf svo störf á Magnúsi SH um áramótin 2000/2001 og tók við sem yfirvélstjóri á skipinu árið 2003, þegar hann lauk vélstjórnarnámi, og hefur starfað þar síðan.

Atli býr nú á Hellissandi og er giftur Hrafnhildi Örnú Árnadóttir. Með Hrafnhildi á hann tvo drengi, þá Kristófer Mána, fæddur 2004, og Erik Örn sem fæddur er 2007.

Sigurður Jónsson, starfsmaður TM, afhenti viðurkenninguna á sjómannadagshátíð á Hellissandi.

Atli Már var ekki viðstaddur afhendinguna og tók samstarfsmaður hans, Eggert Bjarnason, við viðurkenningunni fyrir hans hönd.





## Undirbjuggu keppni í vélvirkjun á Íslandi

Guðni Gunnarsson, starfsmaður VM, og Einar Sveinn Kristjánsson stjórnarmaður fóru fyrir hönd VM og Iðunnar fræðsluseturs á WorldSkills sem haldin var í Lyon í Frakklandi 11.-15. september. Þar öttu kappi 1.400 þátttakendur frá 70 löndum í 59 iðngreinum. Keppnissvæðið var hvorki meira né minna en 140 þúsund fermetrar. 1.300 expertar voru með í för. Um er að ræða stærstu keppnina sem haldin er í iðngreinum í heiminum.

Tilgangur ferðarinnar var að undirbúa keppni í vélvirkjun sem verður í fyrsta sinn ein þeirra greina sem keppt verður í á Íslandsmóti iðn- og verkgreina næsta vor. „Þetta var afar gagnleg og fróðleg ferð. Á Íslandsmótinu þurfa verkefni að vera sambærileg við þau sem keppendur þurfa að kljást við á alþjóðlegum mótum á borð við EuroSkills og WorldSkills,“ segir Guðni.

Keppendur í vélvirkjun á WorldSkills voru átta talsins. Þeir fengu meðal annars það verkefni að taka í sundur og gera upp vökvadælu. Annar hluti verkefnisins var svo að stilla henni upp með aðstoð leysigeisla á móti rafmótor – til að fá hárrétta afstöðu.

„Við vorum þarna úti í sambandi við þrjá dómara í keppninni sem verða okkur og Iðunni innan handar við uppsetningu á keppninni hérna heima í vor,“ útskýrir Guðni.

Þrátt fyrir að Íslendingar hafi ekki átt keppanda á WorldSkills að þessu sinni voru nokkrir fulltrúar Íslands í hlutverki experta og/eða dómara. Þá voru í íslenska föruneytinu fleiri fulltrúar Iðunnar, stéttarfélagi og annarra hagsmunaaðila til að kynna sér aðstæður. Fjórir keppendur sem taka munu þátt í EuroSkills á næsta ári voru einnig með í för. Þeir fóru með það fyrir augum að kynnast og upplifa á eigin skinni hvernig aðstæður eru í keppni sem þessari.

Verkiðn hélt Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynninguna Mína framtíð í Laugardalshöllinni dagana 13.-15. mars sl.

Keppnissvæðið var hvorki meira né minna en 140 þúsund fermetrar. 1.300 expertar voru með í för. Um er að ræða stærstu keppnina sem haldin er í iðngreinum í heiminum.



## Undanþágu- og mönnunarnefndir skipa

Þann 1. janúar 2023 tóku gildi ný lög um áhafnir skipa (nr. 82/2022). Með þeim lögum urðu þær breytingar að undanþágu- og mönnunarnefnd voru lagðar niður. Nefndirnar voru skipaðar fulltrúum útgerðaraðila ásamt fulltrúum vélstjóra og stýrimanna, auk formanns sem ráðherra skipaði.

Með þessum breytingum færast verkefni nefndanna til Samgöngustofu. Umsókn um undanþágur hefur fækkað flest undanfarn ár og tengist það eflaust fækkun skipa og þar með stöðugildum í skipaflotanum, en jafnframt hefur þessi fækkun leitt til þess að ærfiðara er fyrir nýútskrifaða vélstjóra að safna siglingatímum.

Samkvæmt samantekt Samgöngustofu, bárust stofnuninni samtals 166 beiðnir um undanþágur fyrir vélstjóra árið 2024 og voru 154 þeirra samþykktar. Samsvarandi tölur fyrir árið 2023 eru að þá bárust 146 beiðnir og voru 133 þeirra samþykktar.

Markmið var að veita Verðlagsstofu skiptaverðs skýrari heimildir til rafræns og stafræns aðgangs að gagnasöfnum Skattsins og Hagstofu Íslands er varðar fiskverð og afurðaverð.

## Úrskurðarnefnd um fiskverð

Úrskurðarnefnd um fiskverð fundar einu sinni í mánuði og tekur ákvörðun um verð á þeim fisktegundum sem kjarasamningur sjómanna kveður á um.

Við viljum við vekja athygli á nýju mælaborði á heimasíðu Verðlagsstofu, sem finna má undir “Fiskverð”. Um er að ræða upplýsingar um afurðaverð, sem byggðar eru á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um útflutning á fiskafurðum frá Íslandi.

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu VM lá fyrir Alþingi í fyrra frumvarp um breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs. Markmið var að veita Verðlagsstofu skiptaverðs skýrari heimildir til rafræns og stafræns aðgangs að gagnasöfnum Skattsins og Hagstofu Íslands er varðar fiskverð og afurðaverð. Sjómannafélögin voru fylgjandi frumvarpinu en það hefði stuðlað að auknu gagnsæi og stuðlað að styttri málsmeðferðartíma fyrir úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.



Í meðförum þingsins var hins vegar ákveðið að fella aðra grein frumvarpsins á brott. Við þá ákvörðun var vísað í neikvæðar umsagnir umræddra stofnana um málið. “Nauðsynlegt er að um ákvæðið ríki sátt og sameiginlegur skilningur milli stofnana. Leggur meiri hlutinn af þeim sökum til breytingu á frumvarpinu þess efnis að 2. gr. falli brott,” segir í nefndarálitni.

VM harmar þessa niðurstöðu.

## Lífeyrissjóðir félagsmanna VM

VM á fulltrúa í fulltrúaráðum lífeyrissjóða félagsfólks. Flest félagsfólk okkar er í Birtu lífeyrissjóði og Gildi lífeyrissjóði, en hluti dreifist á marga lífeyrissjóði um allt land. Fulltrúafjöldi hvers stéttarfélags fer eftir vægi iðgjalda félagsfólks þess.

### Birta lífeyrissjóður

Í fulltrúaráði sjóðsins hefur VM tíu fulltrúa. Guðni Gunnarsson situr í stjórn fulltrúaráðs launamanna. VM á einn fulltrúa í valnefnd, Samúel Ingvason.

Auk þess sátu J. Snæfríður Einarsdóttir og Örvar Þór Kristjánsson í aðalstjórn en þau hættu bæði af persónulegum ástæðum. Garðar Garðarsson situr í varastjórn.

### Gildi lífeyrissjóður

Í fulltrúaráði sjóðsins hefur VM þrjú fulltrúa. VM á ekki mann í stjórn í Gildi lífeyrissjóðs. Frá apríl 2024 hefur formaður félagsins, Guðmundur Helgi Þórarinnsson setið í stjórn.

### Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Tveir fulltrúar VM sitja í fulltrúaráði sjóðsins.

Örn Friðriksson situr í aðalstjórn sjóðsins fyrir VM.

Flest félagsfólk okkar er í Birtu lífeyrissjóði og Gildi lífeyrissjóði, en hluti dreifist á marga lífeyrissjóði um allt land. Fulltrúafjöldi hvers stéttarfélags fer eftir vægi iðgjalda félagsfólks þess.



Birta



## Norræna vélstjórasambandið (NMF)

Vélstjórafélögin í Danmörku, Svíþjóð og Noregi stofnuðu sambandið á fundi í Gautaborg í febrúar 1919. Finnsla vélstjórafélagið gekk í sambandið árið eftir. Árið 1981 gengu svo vélstjórafélögin í Færeyjum og á Íslandi í sambandið.

Norræna vélstjórasambandið (NMF) fundaði í Reykjavík dagana 20. og 21. ágúst sl.

Á fundum sambandsins er farið yfir skýrslur landanna þar sem fjallað er um kjör stéttarinnar, menntun og lagaumhverfi. Vélstjórar eiga það sameiginlegt að vinna í tækniumhverfi þar sem þróunin er hröð. Þetta á sérstaklega við undanfarin ár þar sem merkja má breytingar sem munu hafa mikil áhrif á störf vélstjóra til frambúðar. Þar má helst má nýja orkugjafa og nýja tækni þeim samfara.

Sambandið hefur unnið að endurnýjun stefnumótunar og áherslum sem vinna þarf að í framtíðinni. Eftirfarandi þemu lýsa áherslum sambandsins: manneskja, heilbrigði og öryggi, hæfni, innleiðing nýrrar tækni og umhverfisvernd.

Félögin sem standa að sambandinu sækja fundi alþjóðastofnana og kynna það helsta sem þar er í vinnslu á fundum sambandsins.

Að þessu sinni kynntu fulltrúar frá Samgöngustofu Skútuna, sem er nýtt skipaskrár- og lögskráningarkerfi stofnunarinnar. Í umræðum eftir kynninguna kom á daginn að hin löndin hafa sambærilega skráningu á því hverjir eru um borð í skipum hverju sinni. Það sem íslenska kerfið hafði umfram þær skráningar eru tengingar við hvort skipið hafi gilt háffærisskírteini og sé mannað samkvæmt lögum ásamt því hvort tryggingar séu í lagi. Af þessu voru fundarmenn hrifnir. Í Skútunni eru einnig tengingar við einstaklinga; hvort atvinnuskírteini vélstjóra og stýrimanna séu gild og hvort áhafnar meðlimir hafi sótt lögboðin öryggisnámskeið.

## Alþjóðasiglingastofnunin (IMO)

Á vegum Alþjóða siglingastofnunarinnar (IMO) hefur verið unnið að endurskoðun STCW-F samþykktarinnar, sem er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna á fiskiskipum, (STCW-F; International Convention on Standards of Training, Certification

and Watchkeeping for Fishing Vessel Personnel). STCW-F samþykktin var fyrst gerð 1995 og þá þurftu 15 þjóðir að samþykkja hana svo hún öðlaðist gildi. Það náðist í september 2012. Ísland gerðist aðili að samþykktinni í apríl 2002.

Verkefnið við endurskoðun STCW-F samþykktarinnar var fólgið í samræmingu við samþykktina fyrir farþega- og flutningaskip (STCW). Tillögur að breytingum á samþykktinni voru samþykktar á fundi IMO í febrúar 2023. Þá tók við ferli innan stofnunarinnar við að samþykkja samþykktina og lauk því í September 2023.

Endurskoðun STCW samþykktarinnar, um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður á farþega- og flutningaskipum, hófst nú í byrjun árs á vegum IMO. Helstu áherslur við þessa endurskoðun varða nýja orkugjafa, mengun og öryggismál.

Námskrá vélstjórnarnámsins byggir á hæfnikröfum sem settar eru í alþjóðasamþykktum. Báðar samþykktirnar gilda um skip með 750 kW framdrifsafli og þar yfir.



IMO

## Fræðslu- og menntamál VM

Hlutverk VM á sviði menntamála er að efla félagslega og faglega þekkingu félagsfólks og vinna að framgangi og þróun fagnáms þeirra. Fagnamið á að gefa sem mesta möguleika á vinnumarkaði og til áframhaldandi náms, auk þess sem félagsfólk á að hafa aðgang að markvissri endurmenntun. Félagið vinnur að þessum markmiðum með því að reka öflugan fræðslusjóð og taka þátt í starfsemi aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og menntastofnana sem stuðlar að þróun fagnámsins og endurmenntunar.

VM á fulltrúa í starfsgreinaráði málmtækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreina og í stjórn og fagráði Iðunnar fræðsluseturs.

Málefni starfsnáms hafa mikið verið í umræðunni undanfarin ár svo segja má að unnið sé að málefnum starfsnáms á mörgum sviðum. Starfsmenn VM taka þátt og fylgjast með þeim verkefnum sem unnið er að.

Málefni starfsnáms hafa mikið verið í umræðunni undanfarin ár svo segja má að unnið sé að málefnum starfsnáms á mörgum sviðum. Starfsmenn VM taka þátt og fylgjast með þeim verkefnum sem unnið er að.

## Starfsgreinaráð í málmtækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreinum

Starfsgreinaráðin hafa verið helsti vettvangur fagfélaganna til að hafa áhrif á fagnám félagsfólks. Undanfarið hafa breytingar á starfsumhverfi ráðanna leitt til óvissu um raunverulegrar getu þeirra til að hafa áhrif á námið. Ráðin geta gert tillögur að námsbrautarlýsingum sem framhaldsskólar geta haft til viðmiðunar. Kallað er eftir slíkum viðmiðunarnámskrám því borið hefur á því að nemendur geta átt erfitt með að færast milli skóla þar sem námskrár geta verið það ólíkar að nám er misjafnlega metið milli skóla. Iðnfélögin gerður reyndar alvarlegar athugasemdir við þá breytni í lögnum frá 2008 um að þetta gæti orðið niðurstaðan þegar skólum var gert að skrifa sínar eigin námskrár. Merkja má viðhorfsbreytingu í þá átt að viðurkennt er að vinna þurfi viðmiðunarnámskrár svo laga megi þennan galla á fyrirkomulaginu.

## Skólamálar

### NEMAR Í VÉL- OG MÁLMTÆKNI OG NETAGERÐ


Tólf skólar á landinu bjóða nám í vélstjórn, málmíðnum og veiðarfærataekni.

Útskrifaðir nemar úr vél- og málmækninámi.

Nokkuð er um að skólar keyri sameiginlegt grunnnám fyrir vélstjórnar- og málmæknibrautir og bifvélaúvirkjun.

### Útskrifaðir nemar úr vél- og málmækninámi

Útskrifaðir	Árið 2024	Árið 2023	Árið 2022	Árið 2021	Árið 2020
Smáskípvélavarnarnám	14				
Vélavarnarnám	27	23	24		49
Vélstjórn A-nám	16	14	13	14	9
Vélstjórn B-nám	16	15	11	15	27
Vélstjórn C-nám	1	7	6	6	5
Vélstjórn D-nám	37	39	44	14	36
Grunndeild málmíðna	10	9			66
Rennismíði	6	13	14	3	8
Stálsmíði	11	14	16	10	18
Vélúvirkjun	35	58	53	51	62
Veiðarfærataekni	2	0	0	2	0
Blikksmíði	11	7	6	6	15
Málmsuða	0	2	4	0	7
<b>Samtals</b>	<b>186</b>	<b>201</b>	<b>191</b>	<b>121</b>	<b>302</b>






### Skráðir nemendur á vorönn

Nemendur á vélstjórnarbrautum eru skráðir á viðkomandi brautir og mismunandi er hve langt þeir eru komnir.

Í námi á vorönn	Árið 2025	Árið 2024	Árið 2023	Árið 2022	Árið 2021
Smáskipavélavarnám	14				
Vélavarnám	14				
Vélstjórn A-nám	28	26	20	22	42
Vélstjórn B-nám	130	123	122	79	128
Vélstjórn C-nám	42	54	51	21	87
Vélstjórn D-nám	112	96	86	8	442
Grunndeild málmíðna	111	106	125	134	136
Rennismíði	21	19	27	34	22
Stálmíði	79	52	50	37	47
Vélvirkjun	259	191	204	119	167
Netagerð	0			17	13
Blikksmíði	22	20	17	22	23
<b>Samtals</b>	<b>832</b>	<b>687</b>	<b>702</b>	<b>493</b>	<b>709</b>




Alls útskrifuðust  
97 sveinar í  
málmiðngreinum og  
veiðarfærataekni á  
árinu 2024.

### ÚTSKRIFAÐIR SVEINAR Í MÁLMÍÐNGREINUM OG NETAGERÐ

Iðan fræðslusetur annast móttöku gagna og skráningu námssamninga og sveinsprófa fyrir málmiðngreinar og veiðarfærataekni auk margra annarra löggiltra iðngreina. Fræðslusetrið annast einnig ýmsa þjónustu fyrir sveinsprófsnefndir og nemaleyfisnefndir. Alls útskrifuðust 97 sveinar í málmiðngreinum og veiðarfærataekni á árinu 2024 og skiptast eftir iðngreinum sem hér segir:

Iðngrein	Árið 2024	Árið 2023	Árið 2022	Árið 2021	Árið 2020
Blikksmiði	8	8	11	8	4
Veiðarfærataekni	4	1	5		
Rennismiði	6	7	5	4	2
Stálsmiði	13	14	6	13	13
Vélvirkjun	66	77	101	79	79
<b>Samtals</b>	<b>97</b>	<b>107</b>	<b>128</b>	<b>104</b>	<b>98</b>

#### > Tækniskólinn





### FAGSVIÐ MÁLM- OG VÉLTÆKNI IÐUNNAR FRÆÐSLUSETURS

VM er aðili að Iðunni fræðslusetri sem hefur það hlutverk að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í iðnaði. Fagsvið Málm- og véltækni fer með málefni vél- og málmiðnaðarins. Tveir fulltrúar VM sitja í fagráði fyrir málm- og véltæknigreinar.

Auk hefðbundins námskeiðahalds hafa fyrirtæki í auknum mæli leitað til Iðunnar með óskir um þjálfun á ákveðnum sviðum. Einnig er töluvert um að starfsmenn sviðsins veiti ráðgjöf og aðra aðstoð, sérstaklega varðandi suðumál, bæði í gegnum síma og í fyrirtækjum.

Áhersla á fjarnámskeið auk ýmiskonar fræðslu með stuttum myndböndum hefur aukist undanfarið, enda talið að líklega mun yngra fólk leita frekar í miðlun sem þessa, þar sem markmiðið er að fá upplýsingar um það sem leitað er eftir þegar það vantar.

Árið 2024 hélt Málm- og véltækni svið Iðunnar eftirtalin námskeið með samtals 620 þátttakendum. Sviðið heldur einnig námskeið og kennsluviðburði á samstarfi við önnur svið innan Iðunnar og utanaðkomandi aðila. Á árinu tóku alls 1146 einstaklingar þátt í námskeiðum sem Málm- og véltækni svið Iðunnar kom að.

Árið 2024 hélt Málm- og véltækni svið Iðunnar eftirtalin námskeið með samtals 620 þátttakendum.

Námskeið	Fjöldi námskeiða
3D prentun í iðnaði	90
CAD – dagurinn	58
Eigna- og viðhaldsstjórnun	27
Fallvarnir	41
Fusion 360 – þú getur byrjað strax	215
Loftræsting íbúðarhúsnæðis	30
Málmsuða – grunnur	29
Rétt vinnulag í málmsuðu	28
Sjónskoðun málmsuðu	102
<b>Samtals</b>	<b>620</b>

Auk hefðbundins námskeiðahalds hafa fyrirtæki í auknum mæli leitað til Iðunnar með óskir um þjálfun á ákveðnum sviðum. Einnig er töluvert um að starfsmenn sviðsins veiti ráðgjöf og aðra aðstoð, sérstaklega varðandi suðumál, bæði í gegnum síma og í fyrirtækjum.

## Sjóðir VM

Við stofnun VM var lögð áhersla á að koma á fót öflugum fræðslusjóði sem veitt gæti félagsfólki rétt til umtalsverðra styrkja til að greiða niður námskostnað þeirra sem vilja sækja sér aukna þekkingu og færni. Allt félagsfólk, sem greitt hefur félagsgjald í 6 mánuði, á grunnstyrk að upphæð kr. 100.000. Að auki safnast kr. 50.000 á ári. Hámarksréttur er kr. 200.000. Grunnrétturinn, ásamt uppsöfnuðum rétti, gefur rétt til styrkja sem nema 60% af námskostnaði við tómtundánám og 75% af kostnaði við fagnám.

Það félagsfólk sem atvinnurekendur greiða sérstaklega af í fræðslusjóð VM, vegna ákvæða þar um í kjarasamningi eða samkvæmt persónubundnum samningi, eiga rétt á viðbótarstyrk. Miðað er við að greiðslur vinnuveitanda nemi 1,1% af heildarlaunum starfsmanns. Viðbótarstyrkurinn nemur kr. 67.000 á ári og geta réttthafar safnað rétti í allt að þrjú ár. Viðbótarstyrkurinn er sérstaklega ætlaður til fagnáms og starfsþróunar.

Árið 2024 fengu voru greiddir 360 styrki úr fræðslusjóði félagsins, 302 styrkir vegna fagnáms samtals að upphæð kr. 20.414.214 og 58 vegna tómtundanáms samtals að upphæð kr. 2.227.223



## Styrktar- og sjúkrasjóður VM

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm einstaklingum úr félaginu, þar af þremur sem kjörnir eru á aðalfundi. Stjórn sjóðsins skipa frá aðalfundi 2024 til aðalfundar 2026: Guðmundur Helgi Þórarinsson formaður, Gunnar Sigurðsson, Reinhold Richter, Valbjörn Jón Höskuldsson og Kristmundur Skarphéðinsson (tilnefndur af stjórn).

Starfsmenn VM kanna ávallt rétt umsækjenda til bóta og sjá um útreikninga og greiðslur til félagsfólks, en fjármálastjóri og formaður fara mánaðarlega yfir greiðslur bóta og staðfesta réttmæti þeirra.

Á meðfylgjandi töflum má sjá þróunina á greiðslu dagpeninga og styrkja úr sjóðnum á síðustu þremur árum. VM hvetur félagsfólk sitt eindregið til þess að nýta sér alla þá góðu styrki sem í boði eru hjá styrktar- og sjúkrasjóði VM. Sérstaklega má þar nefna forvarnarstyrki sem félagsfólk á kost á: áhættumat hjá Hjartavernd, ristilskoðun, blöðruhálskirtillsskoðun, krabbameinsskoðun og heyrnarmælingu.

## GREIÐSLUR ÚR STYRKAR- OG SJÚKRASJÓÐI 2022-2023-2024

### 2022

	FJÖLDI	UPPHÆÐ	MEÐALTAL
SJÚKRADAGPENINGAR TIL FÉLAGSMANNA	120	187.474.317	1.562.286
SJÚKRAPJÁLFUN	173	6.946.005	40.150
SJÓNGLER OG LINSUR	167	9.200.252	55.091
HEYRNARTÆKI	46	7.062.677	153.536
FRJÓSEMISMÆÐFERÐ	10	1.314.004	131.400
ÚTFARARSTYRKUR	30	7.500.000	250.000
LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR	396	11.360.462	28.688
LÆKNISÞJÓNUSTA	221	5.439.717	24.614
TANNLÆKNAÞJÓNUSTA	304	9.103.016	29.944
FÆÐINGARSTYRKUR	77	7.950.000	103.247
ÆDRIR STYRKIR	109	2.795.721	25.649
<b>SAMTALS:</b>	<b>1.653</b>	<b>256.146.171</b>	<b>154.958</b>

### 2023

	FJÖLDI	UPPHÆÐ	MEÐALTAL
SJÚKRADAGPENINGAR TIL FÉLAGSMANNA	105	210.522.113	2.004.973
SJÚKRAPJÁLFUN	188	8.705.022	46.303
SJÓNGLER OG LINSUR	186	10.024.257	53.894
HEYRNARTÆKI	42	6.517.822	155.186
FRJÓSEMISMÆÐFERÐ	9	1.276.500	141.833
ÚTFARARSTYRKUR	30	7.500.000	250.000
LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR	451	17.839.525	39.555
LÆKNISÞJÓNUSTA	227	5.227.153	23.027
TANNLÆKNAÞJÓNUSTA	342	10.037.181	29.348
FÆÐINGARSTYRKUR	81	12.936.000	159.704
ÆDRIR STYRKIR	208	5.969.742	28.701
<b>SAMTALS:</b>	<b>1.869</b>	<b>296.555.315</b>	<b>158.671</b>

### 2024

	FJÖLDI	UPPHÆÐ	MEÐALTAL
SJÚKRADAGPENINGAR TIL FÉLAGSMANNA	109	231.396.567	2.122.904
SJÚKRAPJÁLFUN	200	8.692.660	43.463
SJÓNGLER OG LINSUR	184	9.763.564	53.063
HEYRNARTÆKI	41	6.408.019	156.293
FRJÓSEMISMÆÐFERÐ	6	785.000	130.833
ÚTFARARSTYRKUR	39	10.000.000	256.410
LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR	521	20.800.199	39.924
LÆKNISÞJÓNUSTA	221	4.439.586	20.089
TANNLÆKNAÞJÓNUSTA	355	10.409.350	29.322
FÆÐINGARSTYRKUR	72	11.242.000	156.139
ÆDRIR STYRKIR	208	7.510.945	36.110
<b>SAMTALS:</b>	<b>1.956</b>	<b>321.447.890</b>	<b>164.339</b>

## STYRKIR TIL HJÁLPARSAMTAKA

Árið 2024 styrktu Fagfélögin hjálparamtök fyrir jólin eins og undanfarin ár. Að þessu sinni fékk Hjálparstofnun kirkjunnar 1.000.000 kr. og Velferðarsjóður eyjafjarðarsvæðisins kr. 500.000.

Árið 2023 skilaði neikvæðri ávöxtun sem olli því að ekki var hægt að úthluta styrkjum árið 2024.

### Akkur

Árið 2023 skilaði neikvæðri ávöxtun sem olli því að ekki var hægt að úthluta styrkjum árið 2024.

Stjórn Akks frá aðalfundi VM 2024 til aðalfundar VM 2027 skipa: Ólafur Grétar Kristjánsson formaður, Steingrímur Haraldsson og Einar Hilmarsson. Varamenn í stjórn Akks eru Jón Jóhannsson, Andrés Bjarnason og Halldór Arnar Guðmundsson



### Námskeið fyrir trúnaðarmenn

Glæsileg trúnaðarmannaráðstefna Fagfélaganna var haldin í fyrsta sinn dagana 21. – 22. nóvember síðastliðinn á Hótel Örk í Hveragerði. Um 120 trúnaðarmenn og stjórnarmenn úr aðildarfélagunum tóku þátt í ráðstefnunni – þar af góður hópur frá VM.

Fram til þessa hafa félögin staðið hvert fyrir sig að fræðslu trúnaðarmanna. Sum hafa haldið ráðstefnur sem þessar áður en önnur ekki.



Á fimmtudeginum var starfsemi Fagfélaganna kynnt auk þess sem Benóný Harðarson, forstöðumaður kjaradeildar, stýrði pallborðsumræðum þar sem fulltrúar stjórnmalaflokka sátu fyrir svörum. Metnaðarfullt hópastarf fór fram síðdegis en í lok dags var boðið upp á kvöldverð og drykk. Ráðstefnugestir gistu flestir eina nótt á Hótel Örk.

Á föstudeginum var vinnustaðaeftirlit Fagfélaganna kynnt auk þess sem Ágúst Arnórsson, hagfræðingur Fagfélaganna, fór yfir stöðu efnahagsmála. Starfsemi VIRK starfsendurhæfingarsjóðs var kynnt auk þess sem farið var yfir niðurstöður kjarakannana sem lagðar voru fyrir í haust. Eftir mat flutti Finnbjörn Hermannsson, forseti ASÍ, erindi áður en ungliðastarf Fagfélaganna var kynnt.

Ráðstefnustjóri var Halldór Oddsson, lögfræðingur hjá ASÍ.

Ráðstefnan var afar vel sótt og eftir því vel heppnuð.

Þar sem fjórir



Kjaradeildin hefur því svarað rétt rúmlega 3.600 beiðnum, spurningum og öðrum erindum sl. 6 mánuði.

Það samsvarar rúmlega 27 svörum á hverjum virkum degi, eða 600 svör á mánuði.

Taka þarf fram að ótalin eru samskipti sem fara fram í gegnum tölvupósta starfsmanna.

## Kjarasvið Fagfélaganna

Nú líður senn að lokum kjaralotunnar sem segja má að hafi hafist haustið 2022. Þá leiddu kjaraviðræður til þess að gerðir voru eins árs samningar á almennum markaði, með góðri launahækkun. Við undirritun þeirra samninga hófst þegar í stað undirbúningsvinna fyrir þá samninga sem skrifað var undir í mars 2024. Þá tókst að ná samkomulagi um langtímasamninga með því markmiði að ná niður vöxtum og verðbólgu, sem leikið hafa landsmenn grátt.

Allt þetta ár hafa Fagfélögin setið við samningaborðið með hinum ýmsu hópum en samningarnir hafa í flestum tilfellum kveðið á um sömu hlutfallshækkunir og gerðar voru í upphaflegum samningi; 3,25% afturvirk hækkun frá 1. febrúar síðastliðnum en svo árleg 3,5% hækkun launa. Dregið hefur hratt úr verðbólgu eftir því sem á árið hefur liðið en vextir hefðu mátt lækka hraðar. Vextir eru enn heimilum landsmanna þungur baggi. Mikilvægt er að ný ríkisstjórn haldi áfram þar sem frá var horfið.

### Öflug samvinna

Fagfélögin hafa unnið þétt saman undanfarin ár, ekki síst þegar kemur að gerð kjarasamninga. Samvinnan hófst 2019 þegar VR og SGS lögðu af stað í lífskjarasamninginn með krónutöluhækkunir að leiðarljósi. Slíkir samningar henta iðnaðarfólki ekki vel. Þessi samvinna hefur skilað okkur mörgum dýrmætum sigrum. Ein merkasta varðan á þeirri leið er þegar við náðum í vor framhækkun á sveinatöxtum MATVÍS og Grafíu til jafns við aðra taxa iðnaðarfólks.

Öðrum stórum áfanga var náð í lok nóvember þegar samstaðan leiddi til þess að VM skrifaði í fyrsta sinn undir samning við Reykjavíkurborg. Að þessu hafði lengi verið unnið og er það von okkar að samstaðan komi VM við borðið á fleiri stöðum hópur hjá Reykjavíkurborg á þess nú kost að ganga til liðs við sitt fagfélag. Samvinnan brýtur múra.

Við undirritun þeirra samninga hófst þegar í stað undirbúningsvinna fyrir þá samninga sem skrifað var undir í mars 2024. Þá tókst að ná samkomulagi um langtímasamninga með því markmiði að ná niður vöxtum og verðbólgu, sem leikið hafa landsmenn grátt.



Þegar þetta er skrifað á VM aðeins eftir að skrifa undir nýjan kjarasamning við Landhelgisgæsluna, Hafrannsóknarstofnun og vegna sanddæluskipa en hann bíður nýs árs.

### Slagkrafturinn eykst

Í upphafi ársins blésu Fagfélögin til auglýsingaherferðar undir slagorðinu Fagfélögin – ekkert fúsk! Sú herferð ásamt fréttalutningi í tengslum við kjaraviðræður og síðar fréttum vegna vinnustaðaeftirlitsins, kom Fagfélögunum rækilega á koppinn í umræðunni á árinu sem er að líða. Heitið hefur fest sig í sessi og er orðin þekkt stærð þegar umfjöllunum fjölmiðla um stéttarfélög og málefni þeirra eru annars vegar.

Samvinna við kjarasamningsgerð, öflugt vinnustaðaeftirlit og vegleg trúnaðarmannaráðstefna eru aðeins nokkur dæmi um þann aukna slagkraft sem Fagfélögin hafa náð fram með samvinnu sinni. Þessu til viðbótar má nefna sameiginlegt kaffisamsæti fyrir eldra félagsfólk, sem Fagfélögin standa að í hverjum mánuði yfir vetrartímamann.

Fagfélögin hafa líka í krafti samvinnunnar eftir þjónustu sína við landsbyggðina og hafa haft viðveru í öllum landsfjórðungum í haust. Þessar heimsóknir hafa nýst félagsfólki okkar utan suðvesturhornsins afar vel. Ég geri ráð fyrir að áframhald verði á þessu.

### Ný kerfi taka við

Núna um áramótin tóku Fagfélögin við innheimtu félagsgjalda en til þessa hafa lífeyrissjóðirnir annast innheimtuna. Áætlaður sparnaður félaganna er hátt í 30 milljónir á ári vegna þessa. Jafnframt voru ný þjónustukerfi tekin upp en umsóknir um styrki úr sjóðum félagsins munu héðan í frá fara fram í nýju kerfi. Leiga orlofshúsa verður jafnframt í nýju kerfi á nýju ári. Við þökkum fyrir þolinmæðina sem félagsmenn okkar hafa sýnt okkur við þessar breytingar. Eins og hér að ofan er rakið hefur árið hvoru tveggja verið viðburðarríkt og krefjandi. Kjarasamningar eru að baki og mikilvægum áföngum hefur verið náð. Ljóst er, sem endranær, að viðfangsefnið eru næg.

Fagfélögin hafa líka í krafti samvinnunnar eftir þjónustu sína við landsbyggðina og hafa haft viðveru í öllum landsfjórðungum í haust



## Virk – Starfsendurhæfingarsjóður

Ef þú ert félagsmaður VM og veltir fyrir þér hvort þú þarft á starfsendurhæfingu að halda er fyrsta skrefið að panta tíma hjá lækni og ræða við hann hvort starfsendurhæfing hjá VIRK sé raunhæfur kostur fyrir þig. Í starfsendurhæfingu hjá VIRK eru ráðgjafar með þér í liði, hvetja þig og hjálpa þér að ná heilsu og ná þínum markmiðum.

Á árinu 2024 hófu 2.371 einstaklingar starfsendurhæfingu á vegum VIRK, 68 fleiri en árið áður. Á nýliðnu ári útskrifuðust 1.899 þjónustuþegar frá VIRK, 119 færri en árið 2023. Í febrúarlok 2025 eru rúmlega 2.900 þjónustuþegar í starfsendurhæfingu á vegum VIRK um allt land.

Á árinu 2024 hófu 138 einstaklingar starfsendurhæfingu hjá ráðgjöfum á Stórhöfða. 102 einstaklingar luku þjónustu á árinu, 81% þeirra útskrifuðust með vinnu getu og fóru í vinnu, nám eða atvinnuleit. Alls hafa 2.468 einstaklingar hafið starfsendurhæfingu á Stórhöfðanum frá upphafi starfseinnar.

Ráðgjafar VIRK á Stórhöfða eru:

*Guðrún Elínborg Guðmundsdóttir*

*Unnur B Árnadóttir*

*Hlín Guðjónsdóttir*

### Hvað er starfsendurhæfing?

Starfsendurhæfing er þjónusta við fólk sem þarf stuðning við að komast út á vinnumarkað í kjölfar veikinda eða slysa. Hún á við þegar heilsubrestur hefur valdið fjarveru frá vinnu að hluta eða öllu leyti í lengri tíma og ekki útlit fyrir að einstaklingur komist af eigin rammleik aftur á vinnumarkað.

Starfsendurhæfing getur tekið við af annarri endurhæfingu sem einstaklingur hefur fengið í heilbrigðiskerfinu.

### Hvert er hlutverk VIRK ?

Hlutverk Virk er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Oftast er stefnt á fullt starf en ef um skerta starfsgetu er að ræða getur markmiðið verið að einstaklingur komist í hlutastarf. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings og því þarf að vera bæði vilji og geta til þess að taka þátt og sinna endurhæfingaráætlun eins og gert er ráð fyrir í þátttökusamningi.

### Meginskilyrði fyrir þjónustu hjá VIRK eru eftirfarandi:

- Að viðkomandi geti ekki sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubrests sem rekja má til veikinda eða slysa. Um er að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma vegna heilsubrests af andlegum eða líkamlegum toga.
- Að markmið einstaklings sé að verða aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði, eða auka þátttöku á vinnumarkaði, svo fljótt sem verða má.
- Að geta og vilji sé til staðar til að taka markvissan þátt í starfsendurhæfingunni og fylgja þeirri áætlun sem þar er sett fram.

Á árinu 2024 hófu 138 einstaklingar starfsendurhæfingu hjá ráðgjöfum á Stórhöfða. 102 einstaklingar luku þjónustu á árinu, 81% þeirra útskrifuðust með vinnu getu og fóru í vinnu, nám eða atvinnuleit.

**Auk þess er nauðsynlegt að:**

- Einstaklingur sé fær um að axla ábyrgð á eigin lífi, geta tekið þátt í athöfnum daglegs lífs og sinnt nauðsynlegum þáttum starfsendurhæfingar.
- Einstaklingurinn hafi þörf fyrir þjónustuna og hún sé til þess fallin að auðvelda honum að fara aftur til vinnu.
- Þjónustan sé líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt.
- Hafa samráð við viðeigandi aðila, s.s. lækni, meðferðaraðila og atvinnurekanda þegar við á.



Þjónusta Virk er til staðar á helstu þéttbýlisstöðum landsins, er einstaklingsmiðuð og er einstaklingum að mestu að kostnaðarlausu. Á vegum VIRK starfa fjölmargir sérhæfðir ráðgjafar. Þeir veita einstaklingum stuðning í gegnum starfsendurhæfingarferlið. Einnig er í vissum tilfellum fengin aðstoð atvinnulífstengla þegar þörf er á.

VIRK á í miklu og góðu samstarfi við fagfólk um allt land og leggur áherslu á að þjónustan sé fagleg og til þess fallin að auðvelda einstaklingum endurkomu á vinnumarkað. Úrræði standa nú í auknum mæli einnig til boða í fjarfundaformi, bæði viðtöl og námskeið.

Einstaklingar sem eru í vafa um hvort þeir þurfi á starfsendurhæfingu að halda [HPFH5] eru hvattir til að ræða við lækni eða umsjónarmann sjúkrasjóðs stéttarfélags. Einnig er hægt að snúa sér beint til VIRK ráðgjafa.

Á heimasíðu VIRK <https://www.virk.is/> eru greinargóðar upplýsingar og svör við algengustu spurningum ásamt stuttum myndböndum sem geta gefið góða mynd af því hvernig starfsendurhæfingarferill getur verið.

Á síðunni <https://www.velvirk.is/> eru svo aftur mjög góð holrráð og upplýsingar um það hvernig fólk getur stundað forvarnir og bætt heilsu sína á marga vegu því betra er heilt en vel gróið.

Starfsendurhæfing er mjög einstaklingsmiðuð og getur varað í mislangan tíma eftir atvikum en algengast er að ferillinn taki 6-12 mánuði.

Í einhverjum tilvikum getur einstaklingur þurft að skipta um starfsvettvang vegna heilsubreysts. Vinna iðnaðarmanna er í mörgum tilfellum líkamlega erfið og ef ekki er hægt að sníða vinnuna eftir færninni þarf oft að opna hugann og líta í aðrar áttir, finna nýjan starfsvettvang og hefja nýjan starfsferil. Menntun verður þó aldrei tekin frá fólki og oft nýttist fyrri menntun á nýjan hátt í öðru starfi. Það getur verið krefjandi að gangast við því að geta ekki lengur unnið á sama hátt og áður en það getur opnað á alveg nýja möguleika. Stundum þarf nýja menntun en stundum þarf bara að finna leiðir framhjá hindrunum og koma auga á möguleikana. Í einhverjum tilfellum þarf líka að horfast í augu við að vinnugetan er orðin skert þannig að færniskerðing vegna sjúkdóma eða slysa getur gert fóki ókleift að sinna fyrra starfi.

Flestir vilja þó áfram taka virkan þátt í samfélaginu, finna að vinna þeirra skipti máli og þeir séu hluti af teymi eða vinnustað.

Starfsendurhæfing er mjög einstaklingsmiðuð og getur varað í mislangan tíma eftir atvikum en algengast er að ferillinn taki 6-12 mánuði.

# Lykiltölur úr rekstri VM árið 2024 (birt með fyrirvara)

## REKSTRARREIKNINGUR 2024

	VM alls	Félagssjóður	Orlofssjóður	Fræðslusjóður	Sjúkrasjóður	Vinnudeilu- og verk.sjóður
<b>Rekstrartekjur</b>						
Félagsgjöld og iðggjöld .....	766.846.598	309.153.499	95.772.397	12.683.538	349.237.164	
Aðrar tekjur .....	73.099.831	33.539.551	39.560.280		0	
	839.946.429	342.693.050	135.332.677	12.683.538	349.237.164	0
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	162.227.863	162.227.863				
Almennur rekstrarkostnaður .....	134.706.834	127.628.424		250.520	6.827.890	
Aðildargjöld til ASÍ .....	28.884.552	28.884.552				
Þóknun til (frá) öðrum sjóðum .....	0	(47.719.171)	9.577.240	3.218.215	34.923.716	
Bætur og styrkir .....	345.115.171			22.756.862	322.358.309	
Rekstur orlofshúsa og íbúða .....	142.471.080		142.471.080			
Afskriftir .....	47.664.130	26.045.720	19.039.026	745.141	1.834.243	
	861.069.630	297.067.388	171.087.346	26.970.738	365.944.158	0
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>	(21.123.201)	45.625.662	(35.754.669)	(14.287.200)	(16.706.994)	0
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	62.788.002	14.984.575	537.607	2.822.626	27.044.601	17.398.593
<b>Lagt í Vinnudeilu- og verkbannssjó.</b>	0	(27.019.856)				27.019.856
<b>Afkoma ársins</b>	41.664.801	33.590.381	(35.217.062)	(11.464.574)	10.337.607	44.418.449

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2024

	VM alls	Félagssjóður	Orlofssjóður	Fræðslusjóður	Sjúkrasjóður	Vinnudeilu- og verk.sjóður
<b>Eignir sjóða alls</b>	4.162.487.933	2.016.179.563	670.466.084	95.809.267	848.916.709	531.116.310
<i>Krafa á aðra sjóði .....</i>	(1.310.487.814)			(66.293.355)	(713.078.149)	(531.116.310)
<b>Eignir samtals</b>	2.852.000.119	2.016.179.563	670.466.084	29.515.912	135.838.560	0
<b>Eigið fé og skuldir</b>						
<b>Eigið fé</b>						
Akkur, styktar- og menningarsjóður ..	247.795.740	247.795.740				
Minningarsjóður VM .....	4.605.177	4.605.177				
Óráðstafað eigið fé .....	2.438.373.546	1.148.394.789	(175.177.684)	95.809.267	838.230.864	531.116.310
<b>Eigið fé samtals</b>	2.690.774.463	1.400.795.706	(175.177.684)	95.809.267	838.230.864	531.116.310
<b>Skuldir sjóða alls</b>	1.471.713.470	615.383.857	845.643.768	0	10.685.845	
<i>Skuld við aðra sjóði .....</i>	(1.310.487.814)	(471.556.593)	(838.931.221)			
<b>Skuldir samtals</b>	161.225.656	143.827.264	6.712.547	0	10.685.845	0
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	2.852.000.119					

# 100.000

Allt félagsfólk, sem greitt hefur félagsgjald í 6 mánuði,  
á grunnstyrk að upphæð kr. 100.000.

# 166

Samkvæmt samantekt  
Samgöngustofu, bárust  
stofnuninni samtals 166  
beiðnir um undanþágur fyrir  
vélstjóra árið 2024 og voru 154  
þeirra samþykktar.

# 1.000.000

Fagfélögin styrktu Hjálparstofnun kirkjunnar um 1.000.000 krónur árið 2024.

# 1981

Vélstjórafélögin í Danmörku, Svíþjóð og Noregi stofnuðu  
sambandið á fundi í Gautaborg í febrúar 1919. Árið 1981  
gengu vélstjórafélögin í Færeyjum og á Íslandi í sambandið.

# 97

Alls útskrifuðust 97 sveinar  
í málmiðngreinum og  
veiðarfærataekni á árinu 2024

# 59%

Rúmlega 59% félagsfólks okkar býr á  
höfuðborgarsvæðinu.

# 34

Orlofssjóður VM rekur 34 orlofshús  
allt árið um kring og 37 yfir sumarið.

